

Öxarfjarðarskóli

Starfsáætlun

2025-2026



Jákvæðni – Vináttá – Virðing – Metnaður

Efnisyfirlit

Almennt um skólann	4
Námskrá	4
Stjórnskipulag	5
Skipurit	5
Skólareglur Öxarfjarðarskóla	5
Hagnýtar og tölulegar upplýsingar	6
Skóladagatal 2025-2026	6
Árshátíð og Vorgleði	7
Litlu jól	7
Þorablót	7
Grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum	8
Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla	9
Fjölbreyttur nemendahópur	9
Minnislisti við móttöku nýrra nemenda	9
Nemendafélag/nemendaráð	10
Skólaakstur	10
Skólabílstjórar	10
Tímasetning skólabíla	11
Reglur í skólabílum	11
Ófærð – afboðun skóla	11
Tilhögun kennslu	11
Samþætting námsgreina og kennsluaðferðir	12
Námsgögn	12
Stundatöflur	12
Leyfi, veikindi og forföll nemenda	14
Jákvæður skólabragur	14
Skólamötuneyti	15
Sundkennsla	15
Starfsfólk	15
Móttaka nýrra starfsmanna	16
Þagnarskylda starfsmanna	16
Ráð og teymi	16
Skólaráð Öxarfjarðarskóla	16
Funda- og starfsáætlun skólaráðs	18

Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla	18
Skipan nemendaverndarráðs/forvarnarteymi	19
Forvarnaáætlun	20
Farsæld barna og tengiliðir	21
Áfallaráð	21
Áfallaáætlun	21
Áætlun gegn einelti	22
Öryggistrúnaðarmaður	22
Stoðþjónusta	23
Skólaþjónusta	23
Félagsþjónusta	23
Barnavernd	24
Skólaheilsugæsla	24
Foreldrafélag	24
Lög foreldrafélagsins	25
Lög um nemendasjóð Öxarfjarðarskóla	25
Samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík	25
Samstarf við Skákfélagið Goðann	26
Samstarf við Íþróttafélagið Þingeying	26
Flæði milli skólastiga	26
Þemaverkefni ársins	27
Þróunarstarf og endurmenntun	28
Starfsþróun	28
Leiðsagnarnám	28
Aðstaða og búnaður	29
Sundlaugin/kennsla	29
Skipulag kennara- og starfsmannafunda	32
Öryggi og varnir	33

Almennt um skólann

Öxarfjarðarskóli og Lundarkot samrekin leik- og grunnskóli Lundi í Öxarfirði

Sími:465-2244

Netfang: oxarfjardarskoli@oxarfjardarskoli.is

Heimasíða: <http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/>

Skólinn er opinn frá 08:00 - 15:10

Leikskóladeild er opin frá 07:45 – 16:00

Skólastjóri: Hrund Ásgeirsdóttir

Staðgengill skólastjóra: Christoph Wöll

Deildarstjóri Lundarkots: Hildur Óladóttir

Öxarfjarðarskóli er samrekin leik- og grunnskóli frá haustinu 2008. Grunn- og leikskóladeildir eru í Lundi. Öxarfjarðarskóli er fámennur teymiskennsluskóli og því er um samkenngu árganga að ræða. Í vetur verða grunnskólanemendur 38 og deildirnar þrjár; yngri deild (1.- 4.bekkur) með 15 nemendur og eitt kennarateymi (3 kennarar og 1 stuðningsfulltrúi), miðdeild (5.-7. bekkur) með 11 nemendur og unglingadeild (8.-10.bekkur) með 12 nemendur og eitt kennarateymi sem heldur utan um mið-og unglingastig (3 kennarar og 1 stuðningsfulltrúi).

Fjórir nemendur frá Grunnskóla Raufarhafnar hófu skólagöngu í Öxarfjarðarskóla á mið- og unglingastigi í byrjun nóvember og verða út skólaárið.

Í leikskóladeild Öxarfjarðarskóla – Lundarkoti - er hópnum verið skipt upp í tvennt; yngri deild (Hálsakot 1- 3ja ára börn)- og eldri deild (Vinakot) og alls verða börnin í vetur 19.

Starfsfólk við báðar deildir er alls 16 í **13,35** stöðugildum sem skiptist í 4,2 stöðugildi í leikskólanum og 9,15 í grunnskólanum. **Um áramót** er ráðgert að **minnka stöðuhlutföll** um 0,4 (0,2 á leikskóla og 0,2 í grunnskóla þannig að heildarstöðugildi fara niður í **12,95**.

Til samanburðar má geta þess að í fyrra voru stöðugildin 15,3 en vegna krafna um hagræðingar þurfti að grípa til fækkunar stöðugilda.

Námskrá

Aðalmarkmið skólanámskrár er að gefa ljósa mynd af þeim starfsháttum, áherslum og stefnum sem endurspeglast í skólastarfinu. Auk þess er þar töluvert af hagnýtum upplýsingum sem þægilegt er að hafa aðgengilegar á einum stað. Slíkar upplýsingar geta þó aldrei verið tæmandi og við munum halda áfram að senda fréttir um starf skólans beint til foreldra og á heimasíðu Öxarfjarðarskóla, auk þess sem vikulegur fréttapóstur verður sendur í gegnum Mentor frá yngri og eldri deildum. Hér má sjá skólanámskrá Öxarfjarðarskóla fyrir [grunnskólastig](#). Námskrá leikskólans er að finna á heimasíðu skólans [hér](#).


Stjórnskipulag

Lögum samkvæmt er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi hans og veitir honum faglega forystu. Þar sem Öxarfjarðarskóli er samrekin leik- og grunnskóli, er leikskóladeild þar undir. Deildarstjóri leikskóladeildar veitir deildunum faglega forystu og skipuleggur starfið með sínu starfsfólki. Í fjarveru skólastjóra mun staðgengill hans taka við stjórninni en ef um lengri fjarveru er að ræða, stígur fræðslustjóri inn með lausnir.

Skólastjóri og teymin vinna saman og halda reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðu mála hverju sinni og bera þess á milli saman bækur sínar um einstök mál. Öxarfjarðarskóli leggur mikla áherslu á mikilvægi umsjónarkennara námshópanna enda felur teymiskennslan í sér samábyrgð.

Skipurit

SKIPURIT ÖXARFJARÐARSKÓLA



Skólareglur Öxarfjarðarskóla

- Verum tillitssöm og virðum hvert annað
- Hjálpumst að við að skapa öruggt umhverfi í skólanum
- Nýtum tímann okkar vel og virðum vinnufrið í kennslustundum
- Verum ávallt stundvís í kennslustundir og skólabíl.
- Göngum vel um eigur skólans og annarra.
- Öll notkun tóbaks og hvers kyns vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, í nágrenni hans og í ferðum á vegum skólans.
- Snjallsímar eru hvorki leyfðir í skólanum né í íþróttahúsi.
- Hvers kyns hluti, s.s eldfæri og hnifa sem beita má sem vopnum, er bannað að koma með í skólann.

Hagnýtar og tölulegar upplýsingar

Skóladagatal 2025-2026

Skóladagatal 2025-2026 [má skoða hér](#).

Skýringar með skóladagatali Öxarfjarðarskóla 2025-2026

Ljósblár – undirbúningur kennara – frí hjá nemendum

Gulur – skipulagsdagar kennara – frí hjá nemendum

Appelsínugulur – tvöfaldir dagar (kennsla og annað í framhaldi af skóladegi)

Fjólubláir dagar – skertir skóladagar (mega vera 10 á skólaári en eru 2; skólasetning og öskudagur)

Litamerktir dagar á skóladagatalinu:

Skólasetning 21.ágúst – skertur skóladagur

Norðurlandsdagur 29.september – endurmenntunardagur í leik-grunn- og framhaldsskólum í Norðurlandi – frí hjá nemendum

Foreldrasamtöl 6.október – tvöfaldur dagur þar sem samtölin fara fram að loknum skóladegi

Skipulagsdagur 22.október – frí hjá nemendum

Vetrarfrí 23.og 24.október.

Skólaferðalag 1.-7.bekkja 30.október – dagsetningin gæti færst til – tvöfaldur dagur

Árshátíð Öxarfjarðarskóla 28.nóvember – tvöfaldur dagur (kennsla og sýning að kvöldi)

Jólafrí 20.desember – 4.janúar

Skipulagsdagur 5.janúar – frí hjá nemendum

Þorablót 29.janúar – tvöfaldur dagur (kennsla og þorablót; matur og skemmtun hefst seinnipart dags)

Öskudagur 18. febrúar – skertur dagur þar sem nemendur fara að loknum hádegisverði

Skipulagsdagur 2.mars

Foreldrasamtöl 3.mars – tvöfaldur dagur þar sem samtölin fara fram að loknum skóladegi

Vorgleði 27.mars – tvöfaldur dagur – kennsla og í beinu framhaldi hátíð um kvöldið

Páskafrí hefst 28.mars – 6.apríl

Skipulagsdagur 24.apríl – frí hjá nemendum

Atvinnuþemadagar 20.-22.maí – nemendur fara í sauðburð eða aðrar starfskynningar

Skólaslit 22.maí – tvöfaldur dagur – atvinnuþemadagur og skólaslit að loknum skóladegi

Skóladagatal leikskóladeildar fyrir 2025-2026 má sjá [hér](#)

Skýringar með leikskóladagatali Lundarkots 2025-2026

Gulur – skipulagsdagar kennara – leikskólinn lokaður

Grár – Stytting vinnuviku starfsfólks – leikskólinn lokaður

- Leikskólinn opnar að loknu sumarfríi þriðjudaginn 12.ágúst 2025.
- Sumarleyfi (5 vikur) hefst frá og með 11. júlí 2026.
- Stytting vinnuviku er frá 23.-30 des og í dymbilviku frá 30.mars – 1.apríl

Gulir dagar/skipulagsdagar eru alls 7 á dagatalinu (þar af **endurmenntunardagur 29. sept í Norðurþingi** fyrir alla leik-og grunnskóla).

Lagt var upp úr því skv. óskum frá foreldrum að reyna að hafa skipulagsdagana sem mest þá sömu og í grunnskóladeildinni.

Þeir sömu þrír eru; Endurmenntunardagur Norðurþings **29.september**, skipulagsdagur **22.október** og skipulagsdagur **2.mars**. Þá verða endurmenntunardagar leik-og grunnskólakennara þeir sömu **23. og 24.október**

Árshátíð og Vorgleði

Árshátíð Öxarfjarðarskóla er önnur af stærstu viðburðum skólastarfsins þar sem allir nemendur stíga á svið. Oftast er það þannig að heil leikverk með tónlist verða fyrir valinu. Stefnt er að árshátíðarsýningu 28. nóvember. Elstu börn leikskólans taka þátt í hátíðinni og stíga þar á svið með yngri deild skólans.

Vorgleði Öxarfjarðarskóla er svo haldin á vorönn 2026, þann 27. mars. Á Vorgleði sjá nemendur um undirbúning veitinga og skemmtiatriða sem byggt er á þemaverkefni síðustu vikna, sjá um veislustjórn, þjóna gestum til borðs og stíga á svið með allskyns upplestur, kynningar, tónlist og skemmtun. Foreldrar og gestir taka einnig virkan þátt.

Litlu jól

Á litlu jólunum safnast allir nemendur leik-og grunnskólans saman ásamt starfsfólki og borða hátíðarmat í matsal. Mikil og rík hefð einkennir þennan skemmtilega dag þar sem eldri börn grunnskólans taka að sér yngri skjólstæðing og hafa sér við hlið. Í öllum þessum samskiptum á sér stað heilmikill lærdómur og þjálfun á margs konar færni. Í ár verður séð til þess að öll leikskólabörn geti tekið þátt og verið með í hátíðarhádegisverði.

Þorablót

Í fyrra var haldið þorablót og foreldrum boðið að taka þátt. Þorramatur er borinn á borð, nemendur sjá um kennaragrín og svo er sunginn fjöldasöngur.

Grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum

	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18	2018-19	2019-20	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Bekkur	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem
1.	2	3	5	2	3	1	3	4	5	1	3	3	5	3	6
2.	4	2	3	5	2	2	1	3	4	5	1	4	3	5	4
3.	0	4	2	3	5	2	2	1	3	4	5	1	3	3	3
4.	5	0	4	3	3	5	3	2	1	3	4	5	2	3	2
5.	4	4	0	4	3	3	4	2	3	1	3	4	5	2	3
6.	5	4	4	0	4	2	2	4	2	3	1	3	5	4	3
7.	4	5	4	4	0	4	3	1	4	2	3	1	3	5	5
8.	5	3	5	3	4	0	5	3	1	4	2	3	1	3	5
9.	2	5	3	5	3	4	0	5	3	1	4	2	5	1	4
10.	9	2	5	4	5	3	3	0	5	3	0	4	2	5	3
Samtals	40	32	35	33	32	26	26	25	31	27	26	30	34	34	38

Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla

	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18	2018-19	2019-20	2020-21	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Lundur	16	8	10	9-10	11-12	10-12	12-13	10	13	22	21	24	21	19
Kópasker			3-4 börn	4	4	3-4	4-5	6	6	0	0	0	0	
Samt	16	8	13-14	13-14	15-16	13-16	17-18	16	19	22	21	24	21	19

Fjölbreyttur nemendahópur

Sífelld þarf að endurskoða skólastarfið með margbreytileika nemenda í huga. Reynt er enn frekar að koma til móts við ólíkar þarfir með sérstöku skipulagi og í samráði við skólaþjónustu Norðurlands sem kemur í skólann að jafnaði einu sinni í mánuði. Í vetur verða alls 23 ÍSAT nemendur (íslenska sem annað tungumál); 16 í grunnskóladeild og 6 í leikskóladeild. Markviss ÍSAT kennsla fer fram innan leikskóladeildarinnar frá og með haustinu.

Minnislisti við móttöku nýrra nemenda

Þessi listi miðar að móttöku nemenda sem ekki hafa verið við leikskóladeild Öxarfjarðarskóla og hafa þar af leiðandi ekki verið í aðlögun „Brúum bilið“ í grunnskólanum.

- Forráðamaður innritar nemandann hjá skólanum
- Umsjónarkennari boðar til fundar með nemandanum, forráðamönnum sem skrá niður hvað var farið yfir og fylgja síðar móttökunni eftir.
 - Skipulag og starfsemi skólans útskýrð
 - Stefna skólans og uppeldisstefna kynnt
 - Skólareglur og helstu starfshættir kynntir
 - Stundaskrá útskýrð
 - Skóladagatal útskýrt
 - Fyrirkomulag íþróttar (sund og leikfimi) skipulagt
 - Valgreinar útskýrðar
 - Áhugasvið nemandans
 - Samstarf heimilis og skóla
 - Upplýsingar um heilsufar
 - Tómsundastarf
 - Fyrsti skóladagurinn ákveðinn.
 - Samskipti við heilsugæslu. Er bólusetningum lokið?

- Helstu upplýsingum um nýjan nemanda komið til allra starfsmanna skólans - Umsjónarkennari sér um að koma upplýsingum til annarra kennara.
- Upplýsingar um nemanda vegna slysa og bráðaveikinda.
 - Kynna helstu atriði í öryggisáætlun.
 - Gera áætlun fyrir þá nemendur sem stunda nám sitt heima
 - Skoða öryggisáætlanir þeirra skólabygginga sem einstakir nemendur kunna að stunda nám í.

Nemendafélag/nemendaráð

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð hvers skóla setur sér starfsreglur, meðal annars um kosningu í stjórn félagsins.

Eftirtaldir eru í nemendaráði fyrir 2025-2026:

Sóley Marie Spandau 9.bekk formaður nemendaráðs (jafnframt fulltrúi á fundi með skólaráði þegar það á við)

Laufey Þóra Bjarkadóttir 8.bekk - varaformaður

Skólaakstur

Helstu akstursleiðir eru:

- Kópasker-Lundur
- Fjöll-Lundur
- Gilsbakki- Gilhagi -Hafrafellstunga - Lundur

Skólabílstjórar

Sigurður R Tryggvason: Kópasker-Lundur s: 820-4544

Kristinn Rúnar Tryggvason: Fjöll – Lundur s: 846-3835

Hafsteinn Hjálmarsson: Gilsbakki – Gilhagi – Hafrafellstunga-Lundur s: 897-2254

Tímasetning skólabíla

- Frá Fjöllum og Kópaskeri kl. 7:40 alla daga
- Frá Gilsbakka 7:55 alla daga
- Skólabílar fara frá Lundi mánudaga til fimmtudaga kl 15:15.
- Föstudaga leggja skólabílar af stað frá Lundi kl 12:05.

Reglur í skólabílum

Samþykktar af foreldraráði, bílstjórum og skólayfirvöldum.

- Sýna ber samferðafólki kurteisi og tillitsemi
- Nemendur skulu vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur á morgnana
- Foreldrum ber að tilkynna skólabílstjóra forföll eða breytingar með góðum fyrirvara
- Nemendur eiga alltaf að nota tiltæk öryggisbelti í skólabílnum
- Skóla- og umgengnisreglur gilda einnig í skólabílnum
- Sýna ber ítrustu aðgát þegar farið er í og úr skólabíl, einkum við götu eða þjóðveg
- Endurskinsmerki eru sjálfsagt öryggisatriði í skammdeginu

Ófærð – afboðun skóla

Skólastjóri og skólabílstjórar ákveða í sameiningu hvort skóli falli niður vegna veðurs. Skólabílstjórar koma skilaboðum til skólastjóra eins fljótt og unnt er, til að hægt sé að afboða skóla sem fyrst þann dag. Ef veðurútlit er slæmt fyrir næsta dag eru foreldrar beðnir að fylgjast með bæði með veðurspá og svo skilaboðum í tölvupósti og á heimasíðu skólans að morgni dags ef afboða þarf skóla eða seinka um tiltekinn tíma. Hafa skal veðurviðvaranir Veðurstofu Íslands til hliðsjónar.

Ef um rauða veðurviðvörðun er að ræða, verður ekki skólahald. Ávallt skal öryggi nemenda í skólabílnum haft að leiðarljósi.

Tilhögun kennslu

Kennsla fer fram frá 8:20 til 15:10 alla virka daga nema föstudaga, þá lýkur skóla kl 12:00.

Kennt er í klukkutíma lotum en þess gætt að brjóta kennslustundir reglulega upp.

Leikskóladeild er opin frá kl. 7:45 til 16:00 alla virka daga.

Um samkennslu árganga er að ræða í grunnskóladeild. Kennt er þremur námshópum, 1. - 4. bekk, 5. – 7. bekk og 8. – 10. bekk.

Öxarfjarðarskóli er rekinn sem heildstæður skóli. Lengd viðvera er hjá yngsta stigi og miðstigi þar sem allir nemendur fara heim á sama tíma. Í lengdri viðveru verður frístundastarf fyrir yngstu nemendur sem hefst kl. 13:40 og er í umsjón skólaliða og stuðningsfulltrúa.

Ef afboða þarf skóla vegna veðurs mun fjarkennsla verða í boði fyrir nemendur á mið-og unglingastigi.

Samþætting námsgreina og kennsluáðferðir

Kennsluáðferðir skulu vera sem fjölbreyttastar. Með þeim skal leitast við að koma til móts við mismunandi námsgetu, námsþarfir, námshætti og áhugasvið nemenda og gera námið lifandi og áhugavert. Unnið verður að samþættingu námsgreina út frá [hæfniviðmiðum](#). Áfram verður samþætting námsgreina – þema – á stundaskrá. Þar vinna nemendur saman í litlum hópum, þvert á aldur og námsgreinar. Mikilvægt er að skólastarf miði að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi sínu, færa um að afla sér þekkingar á eigin spýtur og veita þeim tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á alhliða hæfni nemenda krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki.

Samþættingu námsgreina er hægt skilgreina þannig að ákveðið viðfangsefni er tekið til meðferðar og það athugað frá mörgum hliðum. Þegar nám er skipulagt á þennan hátt leiðir það til samvinnu og samþættingu námsgreina og efnið skilgreint í víðu samhengi og eflir læsi nemenda á umhverfi sitt.

Námsgögn

Nemendur fá allar námsbækur að láni og ber að skila þeim að notkun lokinni. Fara verður vel með bækurnar því þær þarf að nota aftur. Verkefnabækur fá nemendur til eignar. Einnig fá nemendur stílabækur og ritföng til afnota í skólanum. Þá hafa nemendur fartölvur og spjaldtölvur í eigu skólans til afnota á skólatíma.

[Hér á heimasíðu skólans](#) má finna kennsluáætlanir vetrarins

Stundatöflur

Unglingadeild - haust 2025

Unglingar	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:20 – 9:20	Samsöngur Stærðfræði CW	Íslenska RAB Yndislestur	Enska CW	Íslenska RAB	Stærðfræði CW Yndislestur
9:20 – 9:40	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:40 – 10:40	Þema CW/RAB/CS	Íþróttir GLC	Þema CW/RAB/CS	Verkgreinar JJP	Tungumál RAB/CS
10:40 – 11:00	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur
11:00 – 12:00	Íþróttir CW/GLC	Stærðfræði CW	Þema CW/RAB/CS	Íþróttir GLC	Bekkjarfundur CW
12:00 – 12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	Heimferð
12:30 – 13:30	Myndmennt CS	Enska CW	Íslenska RAB yndislestur	Enska yndislestur	
13:30 – 13:40	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur	
13:40 – 14:25	Íslenska RAB Yndislestur	Val þriðjudagur CW/RAB	Stærðfræði CW	Val fimmtudagur CW/RAB/GLC	
14:25 – 15:10	Tungumál RAB/CS	Val þriðjudagur CW/RAB	Vinnustofa CW/RAB	Val fimmtudagur CW/RAB/GLC	

til kl. 16

Boltaíþróttir

Miðdeild - haust 2025

Miðdeild	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:20 – 9:20	Samsöngur Stærðfræði CS/GLC	Íþróttir GLC	Enska CS/GLC Yndislestur	Verkgreinar JJP/GLC	Stærðfræði CS/GLC Yndislestur
9:20 – 9:40	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:40 – 10:40	Þema CW/RAB/CS	Enska CS/GLC	Þema CW/RAB/CS	Íþróttir GLC	Tungumál og tölvur RAB/CS/CW
10:40 – 11:00	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
11:00 – 12:00	Íþróttir GLC/CW	Stærðfræði CS/GLC	Þema CW/RAB/CS	Íslenska RAB	Bekkjarfundur RAB/GLC
12:00 – 12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	Heimferð
12:30 – 13:30	Íslenska RAB/GLC Yndislestur	Íslenska RAB Yndislestur	Myndmennt CS/GLC	Yndislestur Íslenska RAB/GLC	
13:30 – 13:40	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	
13:40 – 14:25	Enska CS	Val þriðjudagur CW/RAB	Stærðfræði CS	Val fimmtudagur CW/RAB	
14:25 – 15:10	Tungumál RAB/CS	Val þriðjudagur CW/RAB	Vinnustofa CS	Val fimmtudagur CW/RAB	

til kl. 16

Boltaíþróttir

Yngri deild - haust 2025

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:20– 8:40	Samsöngur 	Íslenska 	Íslenska 1.-2.b. 	Íslenska 	Stærðfræði 
8:40– 9:20	Þema 	8:20– 9:20	8:20– 9:20	8:20– 9:20	8:20– 9:20
9:20– 9:40	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:40– 10:40	Stærðfræði 	Þema 	Smíðar 1.-2.b. 	Stærðfræði 	Þema 
10:40– 11:00	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
11:00– 12:00	Brúum billið 1.b.  2.-4.b. Upplýsingatekni	Útkenndi 	Stærðfræði 	Myndmennt 	Íslenska  Bekkjarfundur 
12:00– 12:30	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12:30– 13:30	Íþróttir 	Lífsleikni 	Íþróttir 	Þema 	
13:30– 13:40	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	
13:40– 14:25	ÍSAT  Frístund 3.-4.b.	Íþ 1.-2.b.  Frístund 3.-4.b.	Frístund 1.-2.b.  Enska 3.-4.b.	Íþ 1.-4. b. 	13:40– 14:25
14:25– 15:10	Frístund 	Frístund 1.-2.b.  Íþ 3.-4.b.	Frístund 	Frístund 	14:25– 15:10
	Heimferð	Heimferð	Heimferð	Heimferð	

Leyfi, veikindi og forföll nemenda

- Veikindi nemenda eiga foreldrar/forráðamanna að tilkynna á Mentor að morgni dags og alla þá daga sem nemendur eru veikir.
- Leyfi í allt að tvo daga sækja foreldrar/forráðamenn um í Mentor. Leyfi í þrjá daga eða lengur þarf að sækja um sérstaklega til skólastjóra. Athuga þarf að ekki er hægt að skrá leyfisbeiðni í Mentor með einungis dags fyrirvara. Ef nemandi þarf leyfi með dags fyrirvara, þarf að hafa samband við skólann.
- Öll röskun á námi nemenda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra/forráðamanna. sbr. 15. grein grunnskólalaga frá 2008 sem hljóðar svo: „*Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*“
Kennurum skólans er ekki skylt að útbúa sérstakar áætlanir eða verkefnapakka fyrir nemendur á meðan á leyfi þeirra stendur enda er nám barnsins þá á ábyrgð foreldra. Eigi nemendur ekki að fara í íþróttir eða út í frímínútur þurfa foreldrar/forráðamenn að láta kennara vita.

Jákvæður skólabragur

Gagnkvæmt traust og virðing allra sem í skólanum starfa tryggir glaðan og frjálsglegan skólaanda og hvetur nemendur og starfsmenn til að leggja sig fram í störfum sínum. Þá er það sameiginlegt hlutverk skólans og foreldra að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins nr 1040/2011 en þar segir í III. kafla, 6.gr um jákvæðan skólabrag og starfsanda:

Í grunnskólum skal skilgreina í hverju jákvæður skólabragur felist og móta leiðir til að viðhalda honum.

Starfsfólk grunnskóla, nemendur og foreldrar skulu í sameiningu leggja áherslu á að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag.

Mikilvægt er að í grunnskólum sé fjallað um mál sem kunna að hafa áhrif á skólabrag, þ.m.t. mál sem koma upp utan skólatíma og í rafrænum samskiptum.

Mat á skólabrag skal tengjast öðru innra mati skólans. Nánar er fjallað um skólabrag í Aðalnámskrá grunnskóla.

Gildi skólans sem valin voru af nemendum, starfsfólki og foreldrum; **Jákvæðni – Vinátta – Virðing – Metnaður** endurspeglar hvað felst í jákvæðum skólabrag.

- **Jákvæðni** - Andrúmsloft og viðhorf skólasamfélagsins einkennist af jákvæðni. Við erum jákvæð gagnvart hvert öðru, náminu, nemendum, starfsfólki og foreldrum
Vinátta - nemendur og starfsfólk sýni hver öðrum vináttu og vinsemd.

- **Virðing** - nemendur og starfsfólk rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- **Metnaður** – Starfsfólk og nemendur leggja sig ávallt fram um að vinna verk sín af metnaði til aukinna gæða og framfara.

Starfsfólk skólans hefur gert með sér **samskiptasáttmála** þar sem tiltekin gildi valin af starfsfólki eru höfð í heiðri. Í sáttmálanum segir meðal annars um **jákvæðni**:

Leitumst við að horfa á björtu hliðarnar og tileinkum okkur jákvætt viðmót. Erum hvetjandi gagnvart hvert öðru sem og öllum þeim verkefnum sem á okkar herðar eru lögð. Finnum möguleika og lausnir í sameiningu.

Starfsmannasáttmálinn er tekinn reglulega til endurskoðunar ár hvert.

Skólamötuneyti

Gott og heilsusamlegt mötuneyti er í skólanum þar sem eldað er á staðnum. Undanfarið hafa matseðlar verið teknir til endurskoðunar með tilliti til næringar barna á öllum aldri og reynt að er að fara eftir því sem Landlæknisembættið setur fram í viðmiðum. Kjöt er keypt úr heimahéraði og innlent grænmeti eins og kostur er. Ef nemendur eru með fæðuofnæmi eða óþol, þurfa foreldrar að skila inn vottorði þess efnis. Grunnskólanemendur borða í matsal ásamt starfsfólki. Leikskólabörn borða á tveimur stöðum; eldri börnin af Vinakoti í matsal skólans en þau yngri inni á leikskóladeild.

Morgunmatur er borinn fram í skólanum á milli kl. 9:20 og 9:40 en leikskólabörn fá morgunmat frá kl. 8:45 – 9:05. Hádegisverður er frá kl. 12:00 – 12:30 fyrir öll börn. Ávaxtastund í grunnskóladeild er kl. 14:30 í stað ávaxta með morgunmat. Upplýsingar um matseðla má finna á [heimasíðu skólans](#) og í Karellen fyrir leikskóladeildina.

Sundkennsla

Sundkennsla hefur verið í formi námskeiðs bæði haust og vor en þar sem stefnt er á að gera endurbætur á sundlauginni 2026-2027, mun sundkennsla alfarið fara fram að hausti fyrir allt árið. Sundkennsla hefst 26. ágúst og verður til 3. október að öllu óbreyttu til að allir nemendur fá lögboðna kennslu sem eru að lágmarki 20 klst á ári. Nemendur eiga þó alltaf að hafa bæði sund- og íþróttatíðni meðferðis þegar sund er á stundatöflu.

Starfsfólk

Arna Ósk Arnbjörnsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar
Cornelia Spandau	Umsjónarkennari + sundkennsla í miðdeild
Christoph Wöll	Umsjónarkennari í unglingadeild
Eyrún Egilsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar
Guðlaug Anna Ívarsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar
Guðrún Lilja Curtis	Íþróttakennari og stuðningsfulltrúi mið/ungl

Hulda Hörn Karlsdóttir	Matráður í leyfi skólaárið 2025-2026
Hildur Óladóttir	Deildarstjóri leikskóladeildar
Hrund Ásgeirsdóttir	Skólastjóri
Jennifer Patricia Please	Umsjónarkennari og sund/íþróttkennsla í yngri deild
Lára Björk Sigurðardóttir	Umsjónarkennari í yngri deild
Rakel Anna Boulter	Umsjónarkennari í miðdeild
Sahar Pahlevanzadeh	Starfsmaður leikskóladeildar
Sigurður R Tryggvason	Matráður
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi í yngri deild
Silja Rún Stefánsdóttir	Skólaliði í blönduðu starfi
Vigdís Sigvarðardóttir	Umsjónarkennari í yngri deild

Móttaka nýrra starfsmanna

Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að nýjum starfsmanni sé veitt viðeigandi fræðsla samkvæmt móttökuáætlun. Tilgangurinn með [móttökuáætlun](#) er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Á hverju hausti skal halda kynningu fyrir nýja starfsmenn.

Þagnarskylda starfsmanna

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla kemur fram að starfsfólk skal gæta ítrustu þagmælsku um hagi barnanna og foreldra/forsjáraðila þeirra, sem starfsfólkið fær vitneskju um í starfi sínu. Starfsfólk undirritar yfirlýsingu þess efnis. Þagnarskylda nær þó ekki til atvika sem starfsmaður telur að ógni hagsmunum barnsins, og ber í þeim tilvikum að tilkynna þau til viðkomandi barnaverndaryfirvalda.

Þagnarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

Ráð og teymi

Skólaráð Öxarfjarðarskóla

Sveitarstjórn getur ákveðið að **skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla** starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Í Öxarfjarðarskóla heitir ráðið skólaráð og er sameiginlegt fyrir leik-og grunnskólann.

Skólaráð er mikilvægur vettvangur í því að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri og tryggja samráð við þá sem koma að málefnum skólans áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Þar sem Öxarfjarðarskóli er fámennur og samrekin leik- og grunnskóli er leyfilegt að

hafa færri en 9 fulltrúa eins og lögin kveða á um. Þess í stað eru fulltrúarnir 7 í skólanum. Í skólaráði er skólastjóri og stýrir hann fundum, auk hans er fulltrúi foreldra barna í grunnskóla, fulltrúi foreldra barna í leikskóladeild, fulltrúi leikskólakennara, fulltrúi kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans og fulltrúi nemenda. Þátttaka nemenda í skólaráði byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða en það er í samræmi við 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Formaður nemendaráðs (8.-10.b) á hverjum tíma fyrir sig hefur tekið sæti í skólaráði. Kosið er til tveggja ára í senn þannig að einn nýr fulltrúi kemur á hverju hausti.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins. Skólaráð fær skólanámskrána og ýmsar áætlanir um starf skólans til umsagnar en fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Eftirfarandi sitja í **skólaráði** fyrir skólaárin **2025-2027**:

Hrund Ásgeirsdóttir - skólastjóri

Rakel Anna Boulter - fulltrúi grunnskólakennara

Hildur Óladóttir - fulltrúi leikskóla

Silja Rún Stefánsdóttir - f. h. annars starfsfólks

Ómar Gunnarsson - fulltrúi foreldra barna á leikskólastigi

Kristín Eva Benediktsdóttir - fulltrúi foreldra barna á grunnskólastigi

Fulltrúi nemenda er Sóley Marie Spandau nemandi í 9.bekk

Funda- og starfsáætlun skólaráðs

Funda- og starfsáætlun skólaráðs Öxarfjarðarskóla 2025-2026

Dags.	Dagskrá:
september/ október OPINN FORELDRA- FUNDUR 30.september	- Fundaskipulag skólaráðs – staðfundir / fjarfundir á Teams - Starfsáætlun skólans - Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025 og umbótaáætlun skólaársins 2025-26 - Skipulag og áherslur skólaársins - Kennsluskipulag - Viðburða- og skóladagatal - Starfsmannahald - Nefndir og ráð skólaársins - Önnur mál.
Febrúar/mars	- Öryggi og aðbúnaður - Öryggishandbók, skólahúsnaði, skólalóð og forvarnaráætlun. - Innra mat á skólastarfi- kynning á niðurstöðum spurningakannana og umræða um úrbætur - rýnihópar með foreldrum. - Heimasíðan sem miðlun upplýsinga til foreldra - Skóladagatal 2026-2027 fyrstu drög til umræðu - Önnur mál
apríl/maí	- Innra mat á skólastarfi-greinargerð - Niðurstöður starfsmannasamtala. - Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana. - Undirbúningur fyrir næsta skólaár. - Önnur mál.

Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla

Nemendaverndarráð starfar eftir [reglugerð frá Menntamálaráðuneytinu](#). Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs (*teymið hafi það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda*).

Með vísan í mögulega skipan þess var ákveðið að nemendaverndarráð skólans væri í senn það forvarnarteymi. Um tilurð þess og hlutverk [má lesa hér](#).

Skipan nemendaverndarráðs/forvarnarteymi

Skólastjóri, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðipjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Fundir nemendaverndarráðs eru u.þ.b. þrisvar sinnum að vetri en oftast ef þess þarf. Skólastjóri sendir út fundarboð með dagskrá og boðar foreldra viðkomandi barna ef þarf.

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri

Kristey Þráinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur hjá Skólaþjónustu Norðurbings

Umsjónarkennari/sérkennari viðkomandi barns/barna

Nemendaverndarráð kemur saman að hausti og fer yfir stöðu nemenda. Ráðið mun einnig gegna hlutverki *Forvarnarteymis* eins og áður hefur komið fram.

Forvarnaáætlun

Árgangur	Mánuður	Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni skv. þingsályktun 37/150.
1.—4.bekkur	Janúar Febrúar Mars Apríl Ágúst September Október Nóvember Desember	Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! Að tala við yngstu börnin um klám Segðu frá! Halló heimur Líkami minn tilheyrir mér Bangsabæklingur Tölum um ofbeldi
5.-7. bekkur	Janúar Febrúar Mars September Október	Vantar þig réttu orðin? Alls kyns um kynþroskann Stattu með þér! Kynþroskinn Betra að segja en þegja
8. bekkur	Janúar Febrúar Mars Ágúst September Október	Kynfræðsluvefurinn Sjúk ást Vantar þig réttu orðin? Samþykki er sexý Að drekka te Á ferð um samfélagið
9. – 10.bekkur	Janúar Febrúar Mars Apríl Maí September Október Nóvember Desember	Sjúkt spjall Vika 6 Fáðu já! Alls kyns um kynferðismál Örugg saman Myndin af mér Leiðin áfram Mannasiðir Ofbeldi í samböndum

Farsæld barna og tengiliðir

Samkvæmt nýjum lögum um farsæld barna sem samþykkt voru árið 2021, hefur innleiðing á þeim staðið yfir í Norðurþingi undanfarin ár.

Markmið og tilgangur laganna er:

- Að stuðla að velferð barna og tryggja þeim aðgang að þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á, óháð kerfum eða stofnunum.
- Að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa.
- Að grípa snemma inn í svo hægt sé að koma í veg fyrir ýmiss konar erfiðleika síðar meir.

Samkvæmt farsældarlögunum eiga börn og foreldrar að hafa greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og fá rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi. Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í skóla. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá Norðurþingi eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Foreldrar og börn geta leitað sjálf beint til tengiliðar.

Tengiliðir í Öxarfjarðarskóla eru:

Arna Ósk Arnbjörnsdóttir fyrir leikskóladeildina arna@oxarfjardarskoli.is

Lára Björk Sigurðardóttir fyrir grunnskóladeildina lara@oxarfjardarskoli.is

Áfallaráð

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri

Jón Ármann Gíslason sóknarprestur (í leyfi skólaárið 2025-2026)

Kristín Heimisdóttir sálfræðingur / Ingibjörg Sigurjónsdóttir sálfræðingur

Sigurður Halldórsson læknir

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er unnin af skólastjóra í samráði við starfsfólk og utanaðkomandi aðila þegar skipuleggja þarf áfallahjálp barna og starfsfólks Öxarfjarðarskóla, að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð við áföllum eru ákveðin.

Nokkur dæmi um atvik sem valda áfalli

- dauðsföll
- langvarandi og alvarleg veikindi
- slys og afleiðingar þeirra
- félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. skilnaður, flutningar, vímuefni, atvinnuleysi, ofbeldi og misnotkun.

Viðbrögð við áföllum

- skólastjóri leitar staðfestingar á andláti, slysi, veikindum eða öðrum ástæðum
- áfallateymi kallað saman þegar það á við
- starfsmönnum, foreldrum og börnum sagt frá atburðinum
- skólastjóri sér um að upplýsingar berist til heimila
- hlúð er að börnum og starfsfólki skólans eftir atvikum.

Þegar áfall verður í skólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess eða starfsmanni og fjölskyldu hans er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til skólastjóra eða staðgengils hans. Skólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallateymi ef þurfa þykir og skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum.

Helstu aðgerðir áfallaráðs við áföllum

- að leita til prests, sálfræðings eða annarra sérfræðinga og stuðningsaðila sem þurfa að koma inn í skólann til aðstoðar.
- meta þarf á hvaða hátt skuli brugðist við með því að safna upplýsingum sem fengnar voru frá fyrstu eða ábyggilegum leiðum
- miðla upplýsingum, útdeila verkefnum og halda utan um þá vinnu.

Skólastjóri er alltaf eini tengiliðurinn við fjölmiðla eða aðila utan skólans ef þeir leita eftir upplýsingum um áföll sem varða börn, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk.

Ítarlegri upplýsingar má lesa í viðbragðsáætlun skólans hér:

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2024-2025/Oryggisaetlun/oryggisaaetlun_bruni-slys-afoll_endursk20.05.2025.pdf

Áætlun gegn einelti

Nemendur og starfsfólk Öxarfjarðarskóla setta sig á engan hátt við einelti. Einelti innan skólans er litið mjög alvarlegum augum. Ef grunur um einelti kemur upp eru nemendur, starfsmenn og foreldrar hvattir til að láta umsjónarkennara, skólastjóra eða hjúkrunarfræðing vita af því.

Hvað er einelti? Einelti er skilgreint sem endurtekið eða viðstöðulaust áreiti/ valdbeiting, munnleg, sálfræðileg eða líkamleg, framkvæmt af einstaklingi eða hópi einstaklinga sem beita sér gegn annarri manneskju eða hópi einstaklinga gegn þeirra vilja.

Sjá nánar á [heimasíðu](#) skólans þar sem jafnframt má sjá verkferla sem fara í gang ef grunur er um einelti

Öryggistrúnaðarmaður

Guðrún Lilja Curtis er öryggistrúnaðarmaður Öxarfjarðarskóla og sér um að kröfur um öryggi séu uppfylltar.

Stoðþjónusta

Skólaþjónusta

Skólaþjónusta Norðurbings veitir skólanum kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Hlutverk skólaþjónustunnar er að veita ráðgjöf samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla. Lög um grunnskóla nr.91/2008 og Lög um leikskóla nr. 90/2008

Meginviðfangsefni þjónustunnar er að styrkja skóla og starfsemi þeirra með skimunum, greiningum, ráðgjöf og eftirfylgni. Starfsfólk skólaþjónustunnar kemur í skólann á 4-6 vikna fresti.

Meðal verkefna skólaþjónustunnar er þjónusta vegna:

- almennra námsörðugleika
- lestrar- og stærðfræðiörðugleika
- félags- og tilfinningalegra örðugleika
- skólagöngu nemenda með fötlun
- vanda sem tengist einstökum nemendum eða bekkjardeildum
- fræðslu fyrir foreldra og starfsmenn skóla
- mál- og tal örðugleika

Starfsfólk skólaþjónustu Norðurbings er:

Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur - ingibjorg@nordurthing.is – sér um Öxarfj.skóla
Berglind Júlíusdóttir kennsluráðgjafi og talmeinafræðingur berglind@nordurthing.is

Sviðsstjóri velferðarsviðs er Jón Höskuldsson jon@nordurthing.is

Félagsþjónusta

Anna Björg Leifsdóttir forstöðumaður í málefnum barna og fjölskyldna – stýrir innleiðingu farsældar í Norðurbingi anna@nordurthing.is
Tinna Ósk Óskarsdóttir félagsmálastjóri tinna@nordurthing.is

Ferðaáætlun félagsþjónustu í Öxarfjarðarskóla 2025-2026 er sem hér segir:

14. október

25. nóvember

13. janúar

3. mars

21. apríl

Barnavernd

Hanna Björg Margrétardóttir félagsráðgjafi hanna@nordurthing.is

Steinunn Jónsdóttir yfirfélagsráðgjafi steinunn@nordurthing.is

Þóra Katrín Þórsdóttir ráðgjafi thorakatrinn@nordurthing.is

Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla er á vegum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands - HSN Húsavík. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum Landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Nánari upplýsingar um starfsemi skólaheilsugæslunnar má nálgast á Heilsuvefnum og einnig á heimasíðu skólans <https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/skolinn/skolaheilsugaesla>

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn og atvikið skráð.

Skólahjúkrunarfræðingur er Kristey Þráinsdóttir og mun hún hafa fasta viðveru í skólanum fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.

Kristey Þráinsdóttir hjúkrunarfræðingur kristey.thrainsdottir@hsn.is

Foreldrafélag

Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Foreldrafélag var formlega stofnað við skólann 2021 skv lögum um félagaskráningu.

Eftirtaldir gáfu kost á sér í stjórn félagsins fyrir skólaárið 2025-2026 og hafa skipt þannig með sér verkum:

Svala Rut Stefánsdóttir svalarut@gmail.com

Ann-Charlotte Fernholm gjaldkeri acfernholm@gmail.com

Elvar Már Stefánsson meðstjórnandi elvario7@gmail.com

Silja Rún Stefánsdóttir meðstjórnandi siljastefans92@gmail.com

Lög foreldrafélagsins

1. grein: Foreldrafélagið heitir Foreldrafélag Öxarfjarðarskóla
2. grein: Tilgangur félagsins er að efla og styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl á milli skóla og heimila.
3. grein: Aðild að foreldrafélaginu eiga allir foreldrar barna í Öxarfjarðarskóla
4. grein: Almennir fundir eru haldnir í nóvember og mars en síðan er notast við samfélagsmiðla fyrir frekari upplýsingagjöf
5. grein: Aðalfundir eru haldnir í september. Á þeim er kosin ný stjórn á hvert og 4 aðilar sitja í henni. Plön eru gerð fyrir starfsárið og allir foreldrar eru virkjaðir til þátttöku í viðburðum.
6. grein: Rekstur foreldrafélagsins er í höndum stjórnar en stjórn er mynduð af foreldrum sem kosnir eru í stjórn.
7. grein: Nemendasjóður leik- og grunnskólabarna er í umsjón stjórnar foreldrafélagsins. Um sjóðinn gilda sérstakar reglur.

Lög um nemendasjóð Öxarfjarðarskóla

1. Heiti sjóðsins er: Nemendasjóður grunn- og leikskólabarna Öxarfjarðarskóla
2. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að skemmtun, fræðslu og ferðalögum fyrir grunn- og leikskólabörn í Öxarfjarðarskóla
3. Með stjórn sjóðsins fer foreldrafélag Öxarfjarðarskóla og gjaldkeri hefur umsjón með reikningum, greiðslu þeirra og bókhaldi.
4. Fjáröflun fyrir sjóðinn er í höndum stjórnar foreldrafélagsins og nemendaráðs og byggist á söfnun dósa og talningu á þeim, sölu á salernispappír, aðgangseyrir á árshátíð skólans, sælgætis- og jólakökusölu á jólamarkaði, spilakvöldum o.fl. Hver stjórn foreldrafélagsins sér um að leita nýrra fjáröflunarleiða.
5. Ef óskað er úthlutunar af hálfu nemendaráðs eða öðrum fulltrúum frá grunnskólanum, skal það koma í formi umsóknar. Umsóknir þurfa að berast til stjórnar með minnst 4 daga fyrirvara. Tillögur að breytingum á reglum sjóðsins skal leggja fyrir aðalfund foreldrafélagsins.

Samþykkt á fundi foreldrafélagsins 26.11 2021.

Samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík

Formlegt samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík hófst haustið 2011. Kennarar við Tónlistarskólann munu, skólaárið 2025-2026, koma annan hvern mánudag og kenna á hin ýmsu hljóðfæri auk þess að sjá um samsöng fyrir öll börn leik- og grunnskólans á mánudagsmorgnum. Þá fá nemendur einnig hóptíma. Á mánudögum fá elstu leikskólabörnin á Vinakoti sérstaka tónmenntakennslu í umsjón Indíönu. [Hér má sjá skóladagatal Tónlistarskóla Húsavíkur fyrir 2025-26.](#)

Tónlistarkennarar:

Jónas Þór Viðarsson jonas@tonhus.is

Adrienne Davis adrienne@tonhus.is

Indíana Þórsteinsdóttir indiana@tonhus.is

Skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur er Guðni Bragason gudni@tonhus.is

Samstarf við Skákfélagið Goðann

Í vetur sér Skákfélagið Goðinn um skákkennslu fyrir grunnskólana í Norðurþingi. Skákkennari er Hermann Aðalsteinsson kemur að jafnaði einu sinni í mánuði til að kenna skák.

Samstarf við Íþróttafélagið Þingeying

Íþróttafélagið Þingeyingur býður upp á íþróttæfingar á skólatíma fyrir nemendur skólans sem fellur þá að stundatöflu sbr. samþættingarverkefnið á Húsavík. Hins vegar verða nemendur unglingastigs í skólahreysti strax að skóla loknum kl. 15:10-16:10 á þriðjudögum. Á haustönn verður boðið upp á fótboltaæfingar og skólahreysti. Æfingarnar verða börnunum að kostnaðarlausu.

Flæði milli skólastiga

Í Öxarfjarðarskóla á sér stað mikið flæði milli leik- og grunnskólastigs. Elstu leikskólabörnin koma einu sinni í viku í grunnskóladeild í verkefnið, *Brúum bilið*. Þar takast þau á við ýmis verkefni með nemendum á yngsta stigi grunnskólans s.s Byrjendalæsisverkefni. Þá fá nemendur mið- og unglingastigs að velja sér leikskólaval þar sem þau taka þátt í daglegum verkefnum leikskólans undir handleiðslu starfsfólks þar. Á mánudagsmorgnum koma öll börn leik-og grunnskóla saman í gryfju (miðrými skólans) í samsöng undir stjórn Jónasar Þórs Viðarssonar tónlistarkennara.

Þemaverkefni ársins

Samþætt þemaverkefni ársins eru alls 6 og þá er árshátíð skólans þar inni. Þemaverkefnum lýkur á einn eða annan hátt með kynningum/sýningum fyrir samnemendur, starfsfólk og foreldra.

Númer 1-3 = haustönn og númer 4-6 = vorönn

Nr.	Yngri deild	Miðdeild	Unglingadeild
1	Plöntur og tré	Náttúra og menning í heimasveit	Náttúra og menning í heimasveit
2	Líkaminn	Árshátíðarleikrit	Árshátíðarleikrit
3	Jólaþema	Eðlis- og efnafræði	Eðlis- og efnafræði
4	Samfélagið í nærmynd	Samfélagsfræði	Samfélagsfræði
5	Tækni	Endurvinnsla	Endurvinnsla
6	Saga	Blaðamennska	Blaðamennska

Tenging við þemaverkefna við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Í Mentor er að finna námsáætlanir og tengingar við hæfniviðmið auk námsmats. Einnig er kennsluáætlanir að finna á heimasíðu skólans [hér](#).

Val á mið-og unglingastigi

Í vetur verða eftirfarandi valgreinar í boði fyrir nemendur á mið- og unglingastigi. Framboð valfaga er sveigjanlegt og fer eftir óskum og eftirspurn nemenda. Valið er að meðaltali á 6 vikna fresti. Nemendur fá val á þriðjudögum og fimmtudögum.

Val sem verður í boði fyrir nemendur:

- **Leikritasmiðja** (nemendur semja leikrit)
- **Föndur**
- **Spurningakeppni**. Nemendur læra um viðfangsefni, semja spurningar úr því og hanna síðan spurningaspil
- **Leikskólaval**. Nemendur fá að aðstoða við leikskólastörfin undir handleiðslu leikskólastarfsfólks

- *Áhugasviðsverkefni*
- *Þrjónaklúbbur*
- *Leikfimi*
- *Tungumál*
- *Skák*
- *Íþróttæfingar hjá Íþróttafélaginu Þingeyingi* falla inn í val hjá mið og unglingastigi
 - Skólahreysti
 - Boltaíþróttir

Þróunarstarf og endurmenntun

Ákveðið hefur verið að halda áfram samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri – MSHA og undirritaður samningur um þriggja ára innleiðingu á leiðsagnarnámi /leiðsagnarmati.

Leiðtogi skólans í innleiðingu á *leiðsagnarnámi* er Cornelia Spandau.

Þá munu kennarar og leikskólastarfsfólk fara í endurmenntunarferð til Finnlands á haustdögum til að kynna sér skólastefnu og skólastarf í leik- og grunnskólum í Helsinki.

Stýrihópur um innleiðingu **Jákvæðs aga** hefur verið stofnaður og samsettur af starfsfólki beggja deilda, þ.e. leik- og grunnskóla. Markmiðið er að útbúa handbók sem hefur að geyma þau atriði sem tekin eru til skoðunar ár hvert svo vel gangi að festa uppeldisstefnuna í sessi.

Leiðtogateymi *Jákvæðs aga* skipa:

Arna Ósk Arnbjörnsdóttir f.h. leikskóladeildar

Christoph Wöll f.h. unglingadeildar

Jennifer Please f.h. yngri deildar

Rakel Anna Boulter f.h. miðdeildar

Starfsþróun

Endurmenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Annars vegar þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hinsvegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem fellur að stefnu skólans.

Leiðsagnarnám

Kennarar hafa nýlengið þriggja ára vinnu í samstarfi við MSHA í teymisvinnu og tókst það verkefni mjög vel að mati kennara. Ákveðið hefur verið að halda samstarfinu áfram við MSHA og taka fyrir leiðsagnarnám /leiðsagnarmat næstu þrjú árin. Einkum eru það þeir áhersluþættir sem unnið verður með í vetur og verða fyrirferðamestir en það er:

Leiðsagnarnám, Jákvæður agi og innleiðing nýrra greinasviða Aðalnámskrár grunnskóla.

Starfsþróunarverkefni skólans skólaárið 2025 - 2026

Hvað	Hverjir	Hvenær
Teymisvinna/teymiskennsla - verkfæri	Grunnskólakennarar	Allt skólaárið
Leiðsagnarnám / leiðsagnarmat (3ja ára vinna)	Kennarar og skólastjóri	Allt skólaárið
Þingmennt – menntabúðir á Húsavík	Kennarar og skólastjóri	Allt skólaárið
Innleiðing jákvæðs aga – skipan stýrihóps	Allir starfsmenn	Allt skólaárið
Innleiðing nýrra greinasviða Aðalnámskrár grunnskóla	Kennarar og skólastjóri	Allt skólaárið

Aðstaða og búnaður

Snjallsjónvörp eru í öllum þremur heimastofum deildanna. Skjávarpi er í miðrými og einnig í heimilisfræðistofu. Fartölvur fyrir mið- og unglingastig voru endurnýjaðar haustið 2024.

Frumdrög að endurhönnun skólalóðarinnar hafa verið kynnt en þau miða að því að tryggja öryggi barna og auka við afþreyingu fyrir eldri nemendur eins og t.d. fjölnota sparkvöll. Þá hefur umferðaröryggi verið aukið með því að setja göngubraut meðfram afleggjara niður að þjóðvegi og bílastæði fyrir starfsfólk stækkuð við austurenda skólans þar sem starfsfólki ber að leggja bílum sínum. Þar með er planið framan við skólann að mestu autt sem auðveldar bæði skólabílum að taka hring á planinu sem og flutningabílum með aðföng og sorphirðubílum. Hins vegar vantar merkingar þannig að vegfarendur sjái hvar eigi að leggja bílunum.

Í haust var hafist handa við að bæta hljóðvist í skólanum og var leikskóladeildin sett í forgang auk þess sem ný ljós voru sett í þær stofur.

Ennþá er afar brýnt að setja gott aðgengi fyrir aðföng að mötuneyti í forgang. Þó hefur verið brugðist við því með bráðabirgðalausn þar sem sett var renna við tröppurnar í undirganginn.

Sundlaugin/kennsla

Nemendur skulu að lágmarki að fá 20 klst á skólaári í sundkennslu. Á þessu skólaári stendur til að loka sundlauginni tímabundið þar sem ákveðið hefur verið að ráðast í endurbætur á henni árin 2026 og 2027.

Þess vegna var ákveðið að öll sundkennsla skólaársins færi fram á haustönn á fyrstu 6 vikunum. Það krefst þess að vel sé haldið utan um búnaðinn svo að ekki verði rof á kennslu sem eykur líkurnar á því að sundkennsla dragist um of fram á haustið og að nemendur fái ekki lögboðna kennslu.

Innra mat

Það er metnaðarmál í Öxarfjarðarskóla að allir þættir mats á leik- og grunnskólastigi taki mið af skýrum gæðaviðmiðum. Gæðaviðmið skólans eru í vinnslu matsteymis og verða sett fram jafnóðum og þau eru tilbúin og samþykkt. Þau byggja á gæðaviðmiðum menntamálayfirvalda um gæða skólastarf. Innra mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu skólastarfi skólans. Kennarar, nemendur, foreldrar og fræðslufyrirvöld eru meðvituð um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið. **Bravo lesson** heldur utan um innra matið.

Gerður hefur verið samningur við **Skólapúlsinn** um kannanir á líðan og námi; hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og verður tekinn í notkun haustið 2025.

Starfsárið 2025-2026 eru helstu viðfangsefni innra mats að sinna umbótum í námi og kennslu/uppeldis- og menntastarfi með því að taka þátt í **leiðsagnarnámi** undir handleiðslu **MSHA**. Í vetur og framvegis verður notast við **Skólapúlsinn** sem sér um kannanir hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki. Meira um mat á skólastarfinu má [lesa hér á heimasíðu](#).

Innra matsteymi skólans skipa:

Hildur Óladóttir deildarstjóri Lundarkots

Christoph Wöll umsjónarkennari og staðgengill skólastjóra

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri

Lára Björk Sigurðardóttir umsjónarkennari

Fundir, undirbúnings- og starfsdagar

Kennarafundir eru að jafnaði annan hvern miðvikudag og starfsmannafundir einu sinni í mánuði eða á 6 vikna fresti.

Dags.	Dagskrá
15.8	Kennarafundur – undirbúningur fyrir skólabyrjun
18.8	Faglegt samstarf – teymi – Jákvæður agi fyrirlestur
19.8	Faglegt samstarf - teymi -undirbúningur
21.8	Starfsdagur – fundur og skólasetning
15.9	Fyrirlestur um ADHD fyrir starfsfólk og foreldra
20.9	Faglegt samstarf – teymi – undirbúningur
22.9	Fræðsla um kynferðisofbeldi gagnvart börnum – Barnaheill Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
29.9	Norðurlöngdagur – Jákvæður agi - endurmenntun starfsfólks leik- og grunnskóla
20.10	Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
22.10	Starfsdagur - undirbúningur endurmenntunarferðar starfsfólks til Finnlands
23-24.10	Vetrarfrí í leik og grunnskóla. Finnlandsferð - allt starfsfólk.
17.11	Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
15.12	Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
5.1	Leiðsagnarnám – námskeið á netinu með ráðgjafa MSHA. Skipulagsdagur

11.2	Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
2.3	Skipulagsdagur – undirbúningur foreldrasamtala og Vorgleði
11.3	Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
15.4	Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
24.4	Skipulagsdagur – leiðsagnarnám – undirbúningur fyrir atvinnuþemadaga
13.5	Fundur teyma m/ ráðgjafa frá MSHA - Leiðsagnarnám
20-22.5	Undirbúningur fyrir skólaslit – vitnisburður o.fl
22.5	Skólaslit
26.-28.5	Tiltekt og frágangur, skilafundir teyma fyrir næsta skólaár og undirbúningur næsta skólaárs.

Skipulag kennara- og starfsmannafunda

Formlegir fundir kennara verða að jafnaði annan hvern miðvikudag frá kl. 15:15 (oftar ef þarf). Hina vikuna eru kennarar á vinnufundum og í leiðsagnarnámi.

Fundir með öllu starfsfólki (kennurum, skólaliðum, leikskólakennurum o.fl eru eftir þörfum og eru þá á mánudegi, u.þ.b. einu sinni á mánuði) Farið er þá yfir það sem framundan er á komandi mánuði og viðburðir skipulagðir í sameiningu. Einnig verður jákvæður agi á dagskrá þá daga sem starfsmannafundir eru.

Vinnufundir, undirbúningur og teymisfundir eru á föstudögum, eftir þörfum, þegar ekki er kennara- eða starfsmannafundur. Kennarar skipuleggja vinnufundi og teymisfundi sín á milli.

Öryggi og varnir

Öryggistrúnaðarmaður Öxarfjarðarskóla: **Guðrún Lilja Curtis.**

Öryggisáætlun skólans – Bruni – slys - áföll má finna hér:

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2024-2025/Oryggisaetlun/oryggisaaetlun_bruni-slys-afoll_endursk20.05.2025.pdf

Stefnu Öxarfjarðarskóla og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna má finna hér:

[Stefna Öxarfjarðarskóla og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna](#)

Hér má finna stefnu um öryggi og velferð barna:

Öryggi og velferð barna 2021

Rýmingaráætlanir vegna elds, jarðskjálfta og annarri náttúruvá. [Hér er rýmingaráætlunin](#)